



Borgarráð

Einimelur 20 - stækkun lóðar og afsal lóðarleiguréttinda

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja eiganda fasteignarinnar við Einimel 20 um 73 fermetra úr lóð Vesturbæjarlaugar við Hofsvallagötu 54 (landeignarnúmer 106073), með fyrirvara um að deiliskipulagstillaga þess efnis verði samþykkt. Kaupverð er 68.192 kr. á fermetra og er heildarverð því 4.978.014,-.

Greinargerð:

Eigendum allra fasteigna við Einimel 18-26 var boðið samkomulag um stækkun lóðar að hámarki 3,1m til suðurs samkvæmt tillögu að breyttu deiliskipulagi. Eigendur Einimels nr. 18, 24 og 26 þáðu boðið og hafa samþykkt samkomulagið. Í framhaldi voru gerðir nýir lóðarleigusamningar eða viðaukar eftir sem við átti, sem gerðu ráð fyrir þessari stækkun lóðar og auknum lóðarleigurétti.

Eigendur nr. 20 hyggjast nýta sér stækkunarmöguleikana einnig og sendu beiðni þess efnis og greiða fyrir stækkunina á sömu kjörum og hin 3 húsin í Einimel.

Kaupverð stækkun lóða var fengið með mati tveggja óháðra fasteignasala, 16.027.042 kr., og er að meðaltali 67.897 kr. á fermetra. Endanlegt kaupverð miðast við þá stækkun lóðar samkvæmt breytingarblaði.

Virðingarfyllst,

Óli Jón Hertervig
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Eignaskrifstofa

Hjálagt:
Samningur við eiganda Einimels 20



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, afsalsgjafi, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík og Steinunn Helga Jónsdóttir kt. 120350-3079, afsalshafi, Einimel 20, 107 Reykjavík gera með sér svokallað:

Samkomulag um stækkun lóðar og afsal á lóðarleiguréttindum

1. Lóðin og stækkun

Lóðin að Einimel 20 (staðgreinir 1.526.201 og landeignanúmer 106078) er 640 m² að stærð. Við lóðina bætist 73 m² sem teknir eru úr landi Vesturbæjarsundlaugar við Hofsvallagötu 54 (staðgreinir 1.526.101 og landeignanúmer 106073). Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um breytingu á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir tilfærslu lóðamarka Einimels 20 í samræmi við það sem samkomulag þetta kveður á um. Er um afsal á lóðarleigurétti að ræða milli aðila.

Lóðin að Einimel 20 (staðgreinir 1.526.201 og landeignanúmer 106078) verður eftir breytingu á lóðamörkum samtals 713 m² að stærð.

Í kjölfar þess að afsalshafar hafa innt af hendi greiðslu til samræmis við 2. gr. samkomulags þessa, mun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar gera viðauka við lóðarleigusamning til samræmis við efni þessa samkomulags.

2. Upphæð og greiðslufyrirkomulag

Kostnaður vegna stækkunarinnar er kr. 68.192,- fyrir hvern fermeter eða alls kr. 4.978.014,- og er greitt við undirritun samkomulags þessa. Kaupverðið greiðist inn á reikning eignasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 570480-0149, reikningsnr. 0334-26-54780.

3. Annað

Rísi ágreiningur um samkomulag þetta má bera það undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Samkomulag þetta er gert í tveimur eintökum og heldur hvor aðili einu eintaki fyrir sig.

Helena Rós Sigmarsdóttir
Kt. 261172-5859
Lögfræðingur

Reykjavík 24. ágúst 2023

F.h. Reykjavíkurborgar með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. eiganda Einimels 20

Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift

Fullt nafn og kt. 230784-2729

Fullt nafn og kt. 081281-7269

